



Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð

**Efni: Tillaga um að leitað verði leiða til samstarfs við sjálfstætt starfandi leikskóla í Reykjavík þar sem nú er starfsstöðin Bakki sem er hluti af leikskólanum Nesi**

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 5. desember var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs dags. 1. desember 2022, ásamt umsögn foreldraráðs Bakka, dags. 29. nóvember 2022.

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að honum verði falið að leita leiða til að tryggja að húsnæðið að Bakkastöðum 77, Reykjavík, verði nýtt undir starfsemi leikskóla fyrir börn á aldrinum 12 mánaða til 6 ára á vegum sjálfstætt starfandi leikskóla. Niðurstaða liggja fyrir eigi síðar en 2. janúar 2023. Framangreint felur í sér að frá og með 1. febrúar 2023 verði lögð niður starfsemi starfsstöðvar leikskólans Ness að Bakkastöðum 77, 112 Reykjavík. Foreldrar barna sem eru í Bakka og þess óska fái nú þegar forgang fyrir börn sín í aðra leikskóla Reykjavíkurborgar og fari börnin fram fyrir önnur börn á forgangslista í þann leikskóla sem foreldrar óska eftir að þau fari í. Sem dæmi eru laus pláss í Ævintýraborg í Vogabyggð fyrir öll börn í Bakka. Ákvæði reglna um leikskólalajónustu um eins mánaðar uppsagnarfrest eigi ekki við um foreldra barna í Bakka sem færa börn sín í annan leikskóla. Á þetta við um fyrsta flutning barns frá Bakka en ekki við næstu flutninga þar á eftir.

Greinargerð fylgdi tillögunni.

Tillagan var samþykkt með sex atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins, Pírata og Sjálfstæðisflokksins gegn atkvæði skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands.

Tillögunni var vísað til borgarráðs.

Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata lögðu fram svohljóðandi bókun:

Erfitt hefur reynst að halda úti öflugum rekstri leikskólans Bakka og metnaðarfullu uppeldis- og menntastarfi. Stjórnendur hafa ítrekað bent á þá þróun sem orðið hefur á barnafjölda í Bakka og lýst yfir áhyggjum sínum af starfinu þar. Erfitt hefur reynst að fá menntað starfsfólk til starfa þegar starfsstöðvar eru fámennar. Markvissar aðgerðir voru gerðar til að fjölga börnum við leikskólann eins og að gera tvær ungbarnaeildir og átak í kjölfar stóra innritunardagsins en án árangurs. Húsnæði Bakka hefur verið nýtt síðan í haust af starfsemi Ævintýraborgar í Vogabyggð samhliða börnum á Bakka. Um miðjan desember opnar Ævintýraborg Vogabyggðar og þau börn ásamt starfsmanni flytjast þangað. Þá munu foreldum barna á Bakka standa þrjár leiðir til boða: Að flytja barnið yfir í Ævintýraborg Vogabyggð, að flytja barnið yfir í aðra borgarrekna leikskóla, en veittur verði forgangur ef laus pláss eru til staðar og að lokum að flytja barnið yfir í sjálfstætt starfandi leikskóla. Styður meirihluti Framsóknar, Samfylkingar, Pírata og Viðreisnar þá



tillögu skóla- og frístundasviðs að sjálfstætt starfandi leikskóli taki við húsnæði Bakka og hefji þar leikskólastarf enda mikilvægt að ná farsælli lendingu fyrir foreldrana, festu í daglegu lífi barnanna og bjóða upp á leikskólastarf í nærumhverfinu.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Það hefur lengi legið fyrir að vegna fámennis í Staðahverfi í Grafarvogi séu það töluverðar áskoranir að sinna borgarrekinni skólustarfsemi þar. Meðal annars til að bæta úr slíkum viðfangsefnum settu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram tillögur á síðasta kjörtímabili að byggð í Staðahverfi í Grafarvogi yrði gerð þéttari og fyrir kosningarnar sl. vor var það eitt af loforðum flokksins. Einnig verður að horfa til þess að á síðasta kjörtímabili stóð þáverandi meirihluti borgarstjórnar fyrir því að loka eina grunnskólanum í Staðahverfi, Korpuskóla, og í ár hafa málefni leikskólans í Staðahverfi, Bakka, verið mikið til umfjöllunar, svo sem sjá má af fundargerðum skóla- og frístundaráðs 5. september 2022 (9. dagskrárliður), 3. október 2022 (8. dagskrárliður) og 21. nóvember 2022 (14. dagskrárliður). Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í ráðinu hafa á þessu ári talið nauðsynlegt að verja leikskólastarfsemina í Staðahverfi og styðja því þessa tillögu enda veitir hún von um að rekstur leikskóla verði áfram í þessu fallega hverfi borgarinnar.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands lagði fram svohljóðandi bókun:

Meirihlutinn í skóla- og frístundaráði stefnir að því að koma leikskólanum Bakka í hendur einkaaðila. Rökin fyrir því eru að lítil aðsókn sé í leikskólann og þ.a.l. borgi rekstrareiningin sig ekki. Þrátt fyrir það hefur fjöldi foreldra sótt um að fá pláss fyrir börn sín á leikskólanum en fengið synjun. Talað er um að erfiðlega hafi gengið að ráða inn starfsfólk á leikskólann og því ekki verið hægt að bjóða þessum börnum laus pláss. Samt hefur fólki sem vill vinna á leikskólanum verið ráðlagt að sækja ekki um, og sagt að leikskólanum verði lokað á næstunni. Það er eins og það hafi verið tekin meðvituð ákvörðun um það að ryðja jarðveg fyrir einkavæðingu á þessum leikskóla með því að ráða ekki inn nýtt starfsfólk, synja börnum um pláss og tala síðan í kjölfarið um að leikskólinn borgi sig ekki. Hvernig allt eigi síðan að kippast í lag við einkavæðingu eins og töfrum líkast er erfitt að átta sig á.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson  
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:  
Tillaga með greinargerð  
Umsögn foreldraráðs



## TILLAGA

Reykjavík 1. desember 2022

**Viðtakandi:** Skóla og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

**Efni:** *Tillaga um að leitað verði leiða til samstarfs við sjálfstætt starfandi leikskóla í Reykjavík þar sem nú er starfsstöðin Bakki sem er hluti af leikskólanum Nesi*

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur fram svohljóðandi tillögu:

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að honum verði falið að leita leiða til að tryggja að húsnæðið að Bakkastöðum 77, Reykjavík, verði nýtt undir starfsemi leikskóla fyrir börn á aldrinum 12 mánaða til 6 ára á vegum sjálfstætt starfandi leikskóla. Niðurstaða liggi fyrir eigi síðar en 2. janúar 2023. Framangreint felur í sér að frá og með 1. febrúar 2023 verði lögð niður starfsemi starfstöðvar leikskólans Ness að Bakkastöðum 77, 112 Reykjavík.

Foreldrar barna sem eru í Bakka og þess óska fá nú þegar forgang fyrir börn sín í aðra leikskóla Reykjavíkurborgar og fari börnin fram fyrir önnur börn á forgangslista í þann leikskóla sem foreldrar óska eftir að þau fari í. Sem dæmi eru laus pláss í Ævintýraborg í Vogabyggð fyrir öll börn í Bakka. Ákvæði reglna um leikskólaþjónustu um eins mánaðar uppsagnarfrest eigi ekki við um foreldra barna í Bakka sem færa börn sín í annan leikskóla. Á þetta við um fyrsta flutning barns frá Bakka en ekki við næstu flutninga þar á eftir.

### Greinargerð:

Bakki er önnur af tveimur starfstöðvum leikskólans Ness en hin starfstöð leikskólans eru Hamrar við Hamravík 12.

Starfsemi leikskóla hófst í húsnæðinu að Bakkastöðum 77, 112 Reykjavík árið 2003. Árið 2010 sameinaðist Bakki leikskólanum Bergi á Kjalarnesi.

Með samþykki skóla- og frístundaráðs þann 22. júní 2016 og borgarráðs þann 1. september 2016 voru Hamrar og Bakki sameinaðir undir eina stjórn og átti breytingin að taka gildi eigi síðar en 1. janúar 2017. Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 24. maí 2017 var samþykkt að nafn sameinaðs leikskóla Hamra og Bakka yrði Nes.

Bakki hefur verið lítill leikskóli og ekki rekstrarvæn eining og hefur því verið sameinaður öðrum leikskólum til að reyna styrkja starfsumhverfi hans. Þó svo að Hamrar séu nær en Berg tekur um það bil 25 mínútur að ganga á milli starfstöðva og um 5 mínútur að aka í bíl.

### **Upplýsingar um fjölda barna í Bakka**

Undanfarin ár hefur verið mikil fækkun barna í hverfinu og mjög fá börn á biðlista. Smæð skólans hefur gert það að verkum að erfitt er að halda úti rekstri leikskóla með metnaðarfullu uppeldis- og menntastarfi. Stjórnendur Ness hafa ítrekað bent á þá þróun sem orðið hefur á barnafjölda í Bakka og lýst yfir áhyggjum sínum af starfinu þar. Reynslan sýnir að líkur á að fá menntað starfsfólk til starfa á svo fámenna starfsstöð eru litlar. Undanfarin ár hefur verið farið í breytingar á Bakka með það að markmiði að fjölga börnum t.a.m. með því að gera tvær ungbarnadeildir í leikskólanum án þess að það hafi borið tilætlaðan árangur.

### **Aldurssamsetning barna á leikskólaaldri í Staðahverfi er eftirfarandi:**

Fæðingarár	Staðahverfi
2017	8
2018	8
2019	6
2020	8
2021	6
2022	6

Eins og sjá má á töflunni hér fyrir ofan eru ekki nema 36 börn á leikskólaaldri í Staðahverfi og því er mikilvægt að hugsa til framtíðar með notkun húsnæðisins að Bakkastöðum 77.

Í dag eru 15 börn með vistun í Bakka en leikskólinn er með rekstrarleyfi fyrir 58 börn. Það þýðir að pláss er fyrir 43 börn til viðbótar í húsnæði Bakka. Þrjú börn eru á biðlista eftir leikskólavist á tilskyldum innritunarskólum með Bakka sem fyrsta val. Heildarfjöldi barna á tilskyldum innritunarskólum á biðlista hjá Bakka eru sex.

### **Aðkoma Ævintýraborgar að nýtingu og rekstri Bakka**

Til að nýta húsnæði Bakka var í september sl. ákveðið að opna Ævintýraborg Vogabyggðar í Bakka en áætlað er að húsnæði Ævintýraborgar við Naustavog verði tilbúið í desember 2022. Samhliða þeirri ákvörðun var talið ákjósanlegt að færa börnin á Bakka yfir í Hamra þar sem áætlað var að nýta húsnæði sem áður var nýtt af dagforeldrum við Hamravík 14a en það húsnæði losnaði í byrjun september sl.

Fundur var haldinn með foreldrum barna í Bakka þann 29. ágúst 2022, þar sem tillagan að tilfærslu barna var kynnt. Foreldrar voru mjög mótfallnir hugmyndinni og var því ákveðið að skoða fleiri leiðir.

Vegna þessa hefur starfsfólk Ævintýraborgar sem staðsett verður í Naustavogi haft umsjón með barnahópnum sem tilheyrir Bakka. Hinsvegar er gert ráð fyrir að Ævintýraborgir opni í Vogabyggð um miðjan desember nk. sem hefur það í för með sér að starfsfólkið fer þangað til starfa.

### **Upplýsingar varðandi starfsfólk Bakka**

Staðan í dag er sú að enginn starfsmaður er starfandi í leikskólanum og þar af leiðandi hafa starfsmenn Ævintýraborgar Vogabyggðar annast þau 15 börn sem tilheyra Bakka. Í Vogabyggð eru 13 börn og 19 starfsmenn, öll staðsett í húsnæði Bakka. Starfsfólk sem tilheyrir Vogabyggð hefur umsjón með báðum barnahópnum. Vegna þessa þarf ekki að grípa til ráðstafana vegna starfsfólks í starfsstöðinni Bakka.

## **Upplýsingar um umsögn foreldraráðs og stöðu foreldra**

Tillögur og hugmyndir um breytingum voru kynntar fyrir foreldraráði Bakka þann 21. október 2022.

Þann 25. nóvember 2022 var óskað umsagnar foreldraráðs Bakka/Ness vegna ofangreindrar ráðgerðar tillögu sviðsstjóra. Í umsögn foreldraráðs Bakka, dags. 29. nóvember 2022, kemur fram að foreldraráðið telur að bagalega stöðu Bakka megi rekja til slælegrar stjórnunar- og ákvarðanatöku af hálfu stjórnarsýslu SFS sem og stjórnenda Bakka. Eigi að síður telji foreldraráðið að það sé jákvætt að starfsemi Bakka verði lögð niður og LFA ehf. taki við rekstri leikskólans í húsnæðinu, sjá nánar meðfylgjandi umsögn.

Þegar starfsemi Ævintýraborgar í Vogabyggð færir yfir í Naustavog um miðjan desember nk. má gera ráð fyrir að foreldrum barna í Bakka standi til boða þrjár leiðir.

1. Að flytja barnið yfir í Ævintýraborg Vogabyggð. Veittur verði forgangur ef laus pláss eru til staðar.
2. Að flytja barnið yfir í aðra borgarrekna leikskóla. Veittur verði forgangur ef laus pláss eru til staðar.
3. Að flytja barnið yfir í sjálfstætt starfandi leikskóla.

Það er mat skóla- og frístundasviðs að þær sérstöku aðstæður sem hér eru réttlæti að foreldrum barna á Bakka verði veittur forgangur á aðra leikskóla borgarinnar fram yfir forgang annarra. Að því gefnu að þar sé laust pláss.

Lögð verður áhersla á góða samvinnu við foreldra barna á leikskólanum.

Foreldrar barna í Bakka hafa lagt áherslu á mikilvægi þess að rekstur leikskóla í hverfinu sé hluti af mikilvægri nærþjónustu. Undanfarin ár hefur verið mikil fækkun barna í hverfinu og mjög fá börn á biðlista. Smæð skólans hefur gert það að verkum að erfitt er að halda úti leikskóla með metnaðarfullu uppeldis- og menntastarfi. Stjórnendur Ness hafa ítrekað bent á þá þróun sem orðið hefur á barnafjölda í Bakka og lýst yfir áhyggjum sínum af starfinu þar.

## **Hugmyndir skóla- og frístundasviðs um framtíðarnýtingu húsnæðisins**

Um framtíð húsnæðisins að Bakka hafa verið lagðar fram þrjár hugmyndir:

1. Að sjálfstætt starfandi leikskóli taki við húsnæði Bakka og hefji þar leikskólastarf.
2. Að leikskólinn Nes verði lagður af og leikskólarnir Hamrar og Bakki starfi í sitthvoru lagi. Leikskólastjóri yrði þá ráðinn í Bakka og lagt yrði upp með að efla leikskólastarfið með fagfólki ásamt því að skoða möguleika á því að fjölga börnum í leikskólanum úr öðrum hverfum, sbr. Úlfarsárdal.
3. Að börnin í Bakka flytjist í aðra leikskóla og leikskólanum verði lokað. Húsnæðið yrði þá nýtt fyrir leikskóla sem þurfa á tímabundnu húsnæði að halda.

Af þeim þremur leiðum sem tilgreindar eru hér að ofan leggur sviðstjóri skóla- og frístundasviðs til að fyrsta leiðin hér að framan verði fyrir valinu.

Fagskrifstofa leikskóla á skrifstofu skóla- og frístundasviðs hefur átt óformlegar viðræður við rekstraraðila sjálfstætt starfandi leikskóla sem hafa lýst yfir áhuga á að taka yfir húsnæðið að Bakka og reka hluta af sinni starfsemi í húsnæðinu.

Með því móti að bjóða sjálfstætt starfandi leikskóla að vera með leikskóla í húsnæðinu að Bakkastöðum er unnið að framgangi verkefnisins Brúum bilið.

Til samræmis við tillögu sviðsstjóra og framangreint er lagt til að sviðsstjóra verði falið að leita leiða til að tryggja að húsnæðið að Bakkastöðum 77, Reykjavík, verði áfram nýtt undir starfsemi leikskóla fyrir börn á aldrinum 12 mánaða til 6 ára á vegum sjálfstætt starfandi leikskóla. Niðurstaða liggja fyrir eigi síðar en 2. janúar 2023.

### ***Fjárhagsleg áhrif***

Hagræðing sem þessi aðgerð skilar skóla- og frístundasviði er sparnaður á innri leigu fyrir húsnæði Bakka. Árlegur kostnaður við innri leigu er áætlaður 15.600.000 kr.

### ***Afstaða skóla- og frístundasviðs***

Á grundvelli framangreinds leggur sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs til að honum verði falið að leita leiða til að tryggja að húsnæðið að Bakkastöðum 77, Reykjavík, verði nýtt undir starfsemi leikskóla fyrir börn á aldrinum 12 mánaða til 6 ára á vegum sjálfstætt starfandi leikskóla. Lögð verði niður starfsemi starfstöðvar leikskólans Ness að Bakkastöðum 77, 112 Reykjavík, Bakka, frá og með 1. febrúar 2023.

Til skrifstofustjóra leikskólahluta fagskrifstofu SFS,  
skóla- og frístundaráðs og borgarstjórnar Reykjavíkur

Reykjavík 29. nóvember 2022

#### Umsögn foreldraráðs Bakka um tillögu skóla- og frístundasviðs að leggja niður starfsemi leikskólans Bakka

Foreldraráði leikskólans/leikskóladeildar Bakka hefur verið gefinn kostur á að veita umsögn um minnisblað skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar (SFS), dags. 24. nóvember sl. Þess efnis um að leggja niður starfsemi leikskólans Bakka sem er í Staðahverfi í Grafarvogi. Í minnisblaðinu eru raktar ýmsar ástæður sem SFS telur renna stoðum undir þessa ákvörðun sína. Óhjákvæmilegt er að taka fram strax í upphafi að bagaleg staða Bakka má rekja slælegrar stjórnunar- og ákvarðanatöku tengdri Bakka af hálfu stjórnslu SFS sem og stjórnenda Bakka.

Eigi að síður telur foreldraráðið, samandregið, að það sé jákvætt að starfsemi Bakka verði lögð niður og húsnæðinu sé skilað til fjármála- og áhættustýringarsviðs að því gefnu að LFA ehf. fái að taka við rekstri leikskólastarfs í húsnæðinu og börnin í hverfinu eigi því kost á því að sækja leikskóla í sínu hverfi.

Að öðru leyti hefur foreldraráðið margháttaðar athugasemdir við efni minnisblaðsins. Þær athugasemdir fylgja hér að neðan en tilvitnanir eru teknar úr fyrrnefndu minnisblaði:

*„Eins og fram hefur komið hefur Bakki verið lítil leikskóli og því faglega- og rekstrarlega óhagstæð eining og hefur því verið sameinaður öðrum leikskólum til að reyna styrkja starfsumhverfi hans. Í dag eru 15 börn með vistun í Bakka en leikskólinn er með rekstrarleyfi fyrir 58 börn. Það þýðir að pláss er fyrir 43 börn til viðbótar í húsnæði Bakka. Þrjú börn eru á biðlista eftir leikskólavist á tilskyldum innritunaráldri með Bakka sem fyrsta val. Heildarfjöldi barna á tilskyldum innritunaráldri á biðlista hjá Bakka eru sex.“*

Í dag eru börnin á Bakka aðeins 15 þar sem stjórnendur hafa ítrekað fundið ástæðu til þess að benda þeim foreldrum sem sækja um pláss á Bakka að óvissa sé um framtíð leikskólans, án þess að legið hafi fyrir stjórnsluleg ákvörðun um að breyta starfsemi leikskólans eða loka honum. Vegna þessa hafa margir íbúar hverfisins fært börnin sín á annan leikskóla [REDACTED]

Í september 2022 voru 37 börn á aldrinum eins til fimm ára í Staðahverfi. Frá því að ákvörðun um að loka grunnskóla hverfisins árið 2019 og skilaboð um óvissu um framtíð leikskólans urðu háværi hafa margar barnafjölskyldur flúið úr hverfinu. Með því að hafa hvorki leikskóla né grunnskóla í hverfinu er komið í veg fyrir uppbyggingu hverfisins í takt við stefnu borgarinnar sem og eðlilega aldursendurnýjun í hverfinu.

Það að einungis 15 börn séu á leikskólanum Bakka þrátt fyrir að það séu 37 börn á leikskólaaldri í hverfinu segir eitthvað um stöðu leikskólamála hér í hverfinu. Foreldrar í hverfinu myndu að sjálfsögðu kjósa að hafa barnið í leikskóla í göngufæri, staðsettan í miðri náttúruparadís þar sem börnin hafa kost á því að skoða náttúrna með leikskólanum ef það væri ekki búið að tala niður rekstur skólans og framtíð hans.

RJS  
AGS  
EH



„Til að njóta húsnæði Bakka var í september sl. ákveðið að opna Ævintýraborg Vogabyggðar í Bakka en áætlað er að húsnæði Ævintýraborgar við Naustavog verði tilbúið í desember 2022. Staðan í dag er sú að enginn starfsmaður er starfandi í rekstrareiningunni Bakka og þar af leiðandi hafa starfsmenn Ævintýraborga Vogabyggðar annast þau 15 börn sem tilheyra Bakka. Í Vogabyggð eru 13 börn og 19 starfsmenn, öll staðsett í húsnæði Bakka. Starfsfólk sem tilheyrir Vogabyggð hefur umsjón með báðum barnahópum. Vegna þessa þarf ekki að grípa til ráðstöfana vegna starfsfólks í starfsstöðinni Bakka komi til þess að hætt verði starfssemi í Bakka.“

Fyrirverandi aðstoðarleikskólalastjóri Bakka réði sig sem leikskólalastjóra Vogabyggðar. [REDACTED]

Haldinn var fundur með foreldrum í ágúst sl. þar sem fyrst var kynnt sú hugmynd að loka leikskólanum Bakka fyrir börn í Staðahverfi. Á þessum fundi var kynnt sú hugmynd að Vogabyggðarbörn myndu koma í húsnæði Bakka og Bakkabörnin gætu fengið að vera með þeim. Látið var sem sú hugmynd hefði komið fram aðeins fjórum dögum fyrr en síðar fékk foreldraráð staðfestingu á því að foreldri með barn á biðlista í Vogabyggð hefði fengið boð um pláss á Bakka viku áður fundurinn með foreldrum Bakka var haldinn.

Þeir starfsmenn sem enn voru á Bakka eftir sumarfrí sögðu á endanum upp í haust og réðu sig á Vogabyggð. Við í foreldraráði láum þeim ekki, það hlýtur að vera erfitt að starfa í svona mikilli óvissu líkt og einkenndi framtíð leikskólans þá og engin upplýsingagjöf var til staðar frá stjórnendum Bakka né SFS. Því telur foreldraráð að SFS hafi að endingu rekið naglann í kistu leikskólans Bakka með lélegu upplýsingaflæði varðandi framtíð leikskólans.

„Upplýst er um að sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs gerir ráð fyrir að leggja til við skóla- og frístundaráð tillögu um að lögð verði niður starfsemi starfstöðvar leikskólans Ness að Bakkastöðum 77, 112 Reykjavík, Bakka, frá og með 1. febrúar 2023 og að frá sama tíma verði húsnæðinu skilað til eignaskrifstofu fjármála- og áhættustýringarsviðs. Einnig verði lagt til við eignaskrifstofu að, ef unnt er, verði húsnæðið að Bakkastöðum 77, Reykjavík, áfram nýtt undir starfsemi leikskóla fyrir börn á aldrinum 12 mánaða til 6 ára á vegum sjálfstætt starfandi leikskóla.“

Við viljum fá svör við því af hverju leggja á starfsemi leikskólans niður frá og með 1. febrúar 2023 þegar búið er að tilkynna foreldrum með tölvupósti að engin starfsemi verði í húsnæðinu frá og með 12. desember 2022. Enginn starfsmaður mun vera til staðar til að taka á móti börnunum sem eiga leikskólapláss á Bakka þegar Vogabyggð opnar þann 12. desember nk. Hví er ekki hægt að flýta afhendingu húsnæðisins til eignaskrifstofu fjármála- og áhættustýringarsviðs svo hægt sé að flýta fyrir að sjálfstætt starfandi leikskóli taki við rekstrinum?

Foreldrar barnanna á Bakka hafa barist fyrir því síðan í september að leikskólastarfsemi verði áfram í húsnæði Bakka, hvort sem er á vegum Reykjavíkurborgar eða sjálfstætt starfandi leikskóla. Fagstjóri leikskólamála hjá Austurmiðstöð hefur verið foreldrum innan handar til að leita lausna og var hún búin að fá sjálfstætt starfandi leikskóla sem var tilbúinn að taka við rekstri Bakka. Um er að ræða LFA ehf. sem rekur leikskólana Korpukot og Fossaköt. Foreldrar voru fullvissaðir um að umskiptin myndu ganga hratt fyrir sig þar sem skammur tími væri til stefnu þar til starfsmenn Vogabyggðar myndu yfirgefa Bakka. En núna um miðjan nóvember kom fram að ekki sé hægt að fá LFA ehf. til að taka við rekstrinum sem fyrst þar sem húsnæðið þurfi fyrst að fara í útboð og það muni taka nokkra mánuði.

Varðandi útboðsskyldu á leigu á húsnæðinu þá er það skilningur foreldraráðs eftir að hafa lesið lög um opinber útboð nr. 120/2016 og innkaupareglur Reykjavíkurborgar að ekki sé þörf á útboði áður en sjálfstætt starfandi leikskóla sé boðið húsnæði Bakka til leigu. Í 35. gr. laga um opinber útboð kemur fram að möguleiki væri hægt að halda lokað útboð sem myndi einfalda ferlið enn frekar. Í 19. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar kemur fram hægt sé að hafa lokað útboð þegar málefnalegar ástæður eru fyrir hendi og í 26. gr. sömu reglna er heimild til að ganga frá samningum án útboðs þegar aðkallandi neyðarástand er til staðar og teljum við það sannarlega neyðarástand að börn okkar geti



ekki sótt leikskóla í sínu eigin hverfi út af ástæðum sem eru ekki í okkar höndum. Einnig þykir foreldraráðinu einkennilegt að útboðskrafa hafi ekki komið fram fyrr en í nóvember þegar ljóst var í september að ein af sviðsmyndum SFS gerði ráð fyrir því að fá einkarekinn leikskóla til að taka við rekstrinum.

*„Foreldrar barna sem eru í Bakka fá nú þegar forgang fyrir börn sín í aðra leikskóla Reykjavíkurborgar og fari börnin fram fyrir önnur börn á forgangslista í þann leikskóla sem foreldrar óska eftir að þau fari í. Sem dæmi eru laus pláss í Ævintýraborg í Vogabyggð fyrir öll börn í Bakka. Ákvæði reglna um leikskólaþjónustu um eins mánaðar uppsagnarfrest eigi ekki við um foreldra barna í Bakka sem færa börn sín í annan leikskóla.“*

Þetta eru þeir valkostir sem stóðu foreldrum til boða. Fyrri kosturinn um að færa börnin í Vogabyggð hugnaðist fáum foreldrum þar sem börnunum okkar líður ekki vel í leikskólanum í því ástandi sem hefur verið undanfarið. Óvissa um framtíð Bakka, starfsfólk sem réði sig annarsstaðar en þarf að mæta í vinnu á Bakka út af töfum á afhendingu Vogabyggðar og starfsfólk sem var hætt á Bakka en er komið þangað aftur út af aðstæðum, þetta hefur skapað slæmt andrúmsloft sem hefur áhrif á börnin. Flest börnin á Bakka hafa síðustu vikur sýnt aukið óöryggi, vanlíðan, skapofsaköst, vilja ekki fara í leikskólann og eru á allan hátt ólík sér. Því hafa fæstir foreldrar hug á því að færa börnin í Vogabyggð ásamt því að það er löng keyrsla í Vogabyggð héðan úr Staðahverfi.

Forgangslistar á aðra leikskóla gera lítið, þeir leikskólar sem eru nálægt hverfinu eru með langa biðlista og því hæpið að börnin á Bakka kæmust þar að fyrir 12. desember. Því er það ekki raunhæfur kostur. Þann 17. nóvember sl. fundaði foreldraráð með fagstjóra leikskólamála hjá Austurmiðstöð og hafði hún þá komið því í kring að kanna hvort LFA ehf. gæti tekið við þeim börnum af Bakka sem yrðu á vergangi eftir 12. desember og var það hægt. Munu því flest börn af Bakka hefja aðlögun á Korpukoti hjá LFA ehf. þann 30. nóvember næstkomandi. Var það mikill léttir fyrir flesta foreldra þar sem leikskólinn er nálægt hverfinu og vonir foreldra eru þær að LFA ehf. fái að taka við rekstri Bakka í framtíðinni og gætu þá börnin færst með þeim aftur yfir á Bakka.

Póstur barst frá leikskólastjóra Vogabyggðar þann 24. nóvember sl. um að þeir foreldrar sem ætluðu að þiggja pláss hjá LFA ehf. þyrftu að skila inn uppsögn sem fyrst. Er það von foreldraráðs að uppsagnir þeirra barna sem fara yfir á Korpukot verði ekki notaðar gegn okkur þegar það kemur að því að áætla barnafjölda sem myndi þiggja leikskólapláss á Bakka.

Eins og staðan er núna telur foreldraráð Bakka vænlegast fyrir hag barna sinna og Staðahverfi að fá LFA ehf. til að taka við rekstri Bakka sem fyrst. Ef einkarekinn leikskóli tekur við rekstrinum er fjárhagsleg áhætta Reykjavíkurborgar lágörkuð og þar myndi opnast pláss fyrir 43 börn sem eru á biðlistum annarsstaðar í borginni. LFA ehf. efast ekki um að geta fyllt húsnæðið af börnum og starfsfólki og yrði það lyftistöng fyrir hverfið.

Samkvæmt umsögn frá sviðsstjóra skóla- og fristundasviðs þann 21. september sl. voru þrjár sviðsmyndir lagðar fram og var sú fyrsta að fá sjálfstætt starfandi leikskóla til að taka við húsnæði Bakka og hefja þar leikskólustarf. Einnig var tekið fram í umsögninni að kapp væri lagt á að bjóða upp á leikskólustarf fyrir börnin í hverfinu eins og í öðrum hverfum.

Önnur not fyrir húsnæðið líkt og tiltekið var í sviðsmynd nr. 3 í fyrrnefndri umsögn, svo sem að nota það sem geymsluleikskóla fyrir þau börn sem eru á hrakhólum vegna myglu í sínum hverfisleikskólum eru ekki fýsileg. Fjarlægð við þá leikskóla sem eru í mygluvandræðum og umferð bæði að morgni til og í lok dags verða til þess að foreldrar munu ekki sætta sig við flutning á Bakka og húsnæðið yrði ekki nýtt. Þetta sést greinilega á þeim barnafjölda Vogabyggðar sem er nú þegar á Bakka, ekki eru öll pláss nýtt þar því aðeins 13 börn Vogabyggðar eru nú á Bakka en 19 starfsmenn. Með Bakkabörnnum eru það því 28 börn á 19 starfsmenn sem eru aðstæður sem ættu að bjóða upp á mun fleiri börn á hvern starfsmann.

RSS  
AGD  
EH

Mun hagkvæmara væri því að fá sjálfstæðan leikskóla að borðinu til að taka við rekstri leikskóla í húsnæðinu og skapa þannig varanleg 58 leikskólalássl í borginni. Þetta mun þá gera Staðahverfi að fýsilegum valkosti fyrir barnafjölskyldur.

Líkt og hefur verið reifað hér að ofan má rekja núverandi stöðu leikskólans Bakka til stjórnenda og stjórnýslu Reykjavíkurborgar. Mun fleiri leikskólabörn eru í hverfinu en nú eru á Bakka vegna tilhæfulausrar umræðu um óvissu um framtíð leikskólans í gegnum árin. Staðahverfið er náttúruþaradis og fullkominn staður er fyrir leikskólalastar í húsnæði Bakka. Yrði það lyftistöng fyrir hverfið að fá þar sjálfstætt starfandi leikskóla til að taka við rekstrinum þar sem Reykjavíkurborg telur ekki sér ekki fært að reka þar leikskóla. LFA ehf. telur það engan vanda að fylla húsnæðið af börnum og starfsfólki. Það er ekki boðleg lausn að börnin í hverfinu séu leikskólalaus eða þeim gert að sækja leikskóla í Vogabyggð miðað við það sem á undan er gengið.

Foreldraráð Bakka veitir því jákvæða umsögn gagnvart því að starfsemi Bakka verði lögð niður og húsnæðinu skilað til fjármála- og áhættustýringarviðs að því gefnu að LFA ehf. fái að taka við rekstri leikskólalastar í húsnæðinu og börnin í hverfinu eigi því kost á því að sækja leikskóla í sínu hverfi.

Fyrir hönd foreldraráðs Bakka,

Þósgöðk Stefánsson  
Aldís Gróa Sigurðardóttir  
Einar Hildarson